Fullgild rafræn undirskrift
ODDUR GUNNAR JÓNSSON
2025-08-28 11:12:44 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
ÞÓRIR HVANNDAL ÓLAFSSON
2025-08-28 22:03:40 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
RÓSA STEINGRÍMSDÓTTIR
2025-09-01 11:08:44 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fundargerð

Miðvikudaginn 14. maí 2025 klukkan 13:00 kom eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) saman til fundar í innviðaráðuneytinu.

Fundinn sátu nefndarmennirnir Þórir Ólafsson formaður, Rósa Steingrímsdóttir og Oddur Gunnar Jónsson. Fundinn sátu einnig áheyrnarfulltrúinn Jóhannes Á. Jóhannesson auk starfsmanna innviðaráðuneytisins þeir Árni Sverrir Hafsteinsson og Elmar Björnsson sem ritaði fundargerð.

Fundargögn

- Dagskrá fundar 14. maí
- Drög að 427. fundargerð EFS 19.3.2025
- Drög að 428. fundargerð EFS 28.4.2025
- Fjárhagsáætlun Grindavíkur 2025-2028 5
- Lokaskýrsla Árborgar til EFS 2025
- Áhrif rýmingar Grindavíkur á rekstur Sveitarfélagsins Voga
- Núverandi lögheimili og aðsetur barna sem bjuggu í Grindavík 1. nóv. 2023
- Svar til EFS vegna mats og flokkunar eigna í samanteknum reikningi Reykjavíkurborgar
- Sveitarfélagið Árborg ársreikningur 2024 – bæjarráð 24.4.2025
- Undirritað samkomulag innviðaráðherra og bæjarstjórnar Grindavíkurbæjar
- Samkomulag innviðaráðherra og bæjarstjórnar Grindavíkurbæjar - viðauki

1. Samþykkt fundagerðar

Samþykkt fundargerða 427 frá 19.3.2025 og 428 frá 28.4.2025 var frestað þar til á næsta fundi.

2. Fundur með fulltrúum Sveitarfélagsins Árborgar

Árið 2023 gerði Sveitarfélagið Árborg samkomulag við innviðaráðherra um fjárhagslegar aðgerðir og eftirlit á grundvelli 2. mgr. 83. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Samkomulagið gilti til 1. maí 2025 og var lokaskýrsla samkvæmt 7. gr. samkomulagsins lögð fram 15. apríl 2025. Forsvarsmenn Sveitarfélagsins Árborgar voru boðaðir á fund nefndarinnar til þess að fara yfir lokaskýrsluna og ársreikning sveitarfélagsins.

Árangur hefur náðst við að færa fjármál sveitarfélagsins til betri vegar og hefur samkvæmt ársreikningum orðið marktækur afkomubati og skuldahlutföll hafa lækkað. Skuldahlutfall samkvæmt sveitarstjórnarlögum er 109,5% sem er vel undir lögbundnu hámarki en sveitarfélagið uppfyllir ekki skilyrði jafnvægisreglu.

Eftir yfirferð á skýrslunni, ársreikningum og framtíðaráformum sveitarfélagsins er það mat EFS að rekstur Árborgar sé á réttri leið. Merki þess má sjá á lægri skuldahlutföllum og bættri rekstrarafkomu. Þó stendur sveitarfélagið frammi fyrir áskorunum, ekki síst hvað

A-hlutann varðar og leggja nefndarmenn áherslu á mikilvægi þess að áfram sé unnið að fjárhagslegri sjálfbærni A-hluta. Í því ljósi ákvað nefndin að óska eftir upplýsingum um það hver helstu fjárhagslegu markmið bæjarstjórnar eru til næstu fjögurra ára t.d. um framlegð A-hluta, skuldaviðmið og rekstrarniðurstöðu.

3. Svarbréf Reykjavíkurborgar

Tekið var fyrir svarbréf Reykjavíkurborgar, dags. 17. mars. 2025 þar sem óskað var eftir afstöðu Reykjavíkurborgar til tiltekinna liða í ársreikningi og samstæðureikningi hennar. Nefndarmenn ræddu m.a. hvort tilefni væri til að óska eftir formlegri afstöðu borgarráðs eða borgarstjórnar um það hvort Félagsbústaðir teljist til fjárfestingarstarfsemi.

Ákveðið var að fresta frekari umræðum um svar við bréfi Reykjavíkurborgar til næsta fundar.

4. Grindavík og nágrenni

Innviðaráðherra og bæjarstjórn Grindavíkurbæjar gerðu með sér samkomulag þann 24. febrúar um stuðning við stjórnsýslu og fjárhag sveitarfélagsins á grundvelli VIII. kafla sveitarstjórnarlaga. Í 2. gr. viðauka sem gerður var við samkomulagið kemur fram að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga veiti Grindavíkurbæ allt að 600 m.kr. fjárframlög á árinu 2025. Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga hefur umsjón með mati á fjárþörf sveitarfélagsins og leggur til við ráðherra umfang og tímasetningar framlaga.

Óumdeilt er að Grindavíkurbær hafi orðið fyrir miklum skakkaföllum á undanförnum mánuðum. Þrátt fyrir það er eiginfjárstaða sveitarfélagsins sterk og reyndist handbært fé rúmlega 2 ma.kr. um síðastliðin áramót, að teknu tilliti til tjónabóta sem ætlað er til enduruppbyggingar. Eftirlitsnefndin metur fjárþörf sveitarfélagsins í takt rekstrargrunn þess og þó að bráðavandi steðji ekki að fjárhagi sveitarfélagsins má ljóst vera að fjárhagsleg áhrif eru veruleg.

Einnig var lagt fram yfirlit sem unnið var af starfsmanni nefndarinnar og sýnir hvar börn á grunnskólaaldri, sem voru með lögheimili í Grindavík fyrir hamfarirnar, eru skráð til heimilis í dag. Samkvæmt yfirlitinu eru börn úr Grindavík nú rúmlega 15% af heildarfjölda barna í Sveitarfélaginu Vogum og er það langtum hærra en í öðrum sveitarfélögum. Þannig er ljóst að töluverð áhrif hafa orðið á sveitarfélagið vegna jarðhræringarnar á Reykjanesi.

5. Önnur mál

Umræða fór fram um þá lykilmælikvarða sem nefndin styðst við í störfum sínum, en ekki er kveðið á um í sveitarstjórnarlögum. Nefndarmenn voru sammála um mikilvægi þess að notast við fáar lykiltölur sem endurspegla grunnrekstur sveitarfélaganna. Ákveðið var að einn nefndarmanna taki að sér að leggja fram tillögur um viðeigandi mælikvarða og mögulegar útfærslur þeirra og mun hann kynna þær tillögur á næsta fundi nefndarinnar.

Fundi slitið klukkan 15:40. Næsti fundur er samkvæmt boðaðri dagskrá.